

Eftirlitsnefnd fasteignasala

Til fasteigna- og skipasala

Nr. 2/2022

Eingöngu sent með rafrænum hætti
Einnig birt á heimasíðu eftirlitsnefndar, www.enf.is

Reykjavík, 22. september 2022

I. Áskorun um skil á fjárvörsluyfirlýsingu, yfirlýsingu um skrá um fjármálagerninga og afrit af starfsábyrgðartryggingum.

Ágæti fasteignasali.¹

Sérhver fasteignasali skal fyrir hinn **15. október** ár hvert vera búinn að skila til eftirlitsnefndarinnar yfirlýsingu um fjárvörslureikninga fyrir undangengið reikningsár, yfirlýsingu um skrá um fjármálagerninga ásamt afriti af gildandi starfsábyrgðartryggingum, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2015 (hér eftir fsl.). Eyðublöðin eru meðfylgjandi umburðarbréfi þessu en eru einnig aðgengileg á heimasíðu eftirlitsnefndarinnar, www.enf.is.


Eftirlitsnefndin skorar á fasteignasala að skila framangreindum gögnum eigi síðar en **15. október nk.** og tekur fram að umburðarbréf þetta er áminning til fasteignasala um skil á réttum tíma. Eftirlitsnefndin hvetur til rafrænna skila á framangreindum gögnum og skulu þá afrit af gögnum send með tölvupósti á netfang eftirlitsnefndarinnar enf@enf.is. Einnig er hægt að skila frumritum skjala á skrifstofu eftirlitsnefndarinnar að Höfðabakka 9, 6. hæð, 110 Reykjavík.

Hafi yfirlýsingum ekki verið skilað í réttu horfi hinn **1. nóvember 2022** er lögbundin afleiðing þess tímabundin svipting löggildingar fasteignasala, sbr. 2. mgr. 21. gr. fsl., ásamt því að viðkomandi fasteignasali skal greiða sérstakt gjald sem rennur í ríkissjóð, að fjárhæð **kr. 30.000**, vegna kostnaðar eftirlitsnefndarinnar vegna þessa. Eftir atvikum er í framhaldinu óskað eftir því að þeir hinir sömu verði sviptir réttindum ótímabundið af hálfu ráðuneytisins, verði skilum ekki komið í rétt horf.

Einnig er vakin athygli á því að ef starfsábyrgðartrygging fasteignasala er ekki fyrir hendi fellur löggilding hans sjálfkrafa niður enda fullnægir fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar. Í slíkum tilvikum ber eftirlitsnefndinni að tilkynna sýslumanni um missi skilyrða til löggildingar og auglýsa það í Lögbirtingablaði. Hlutaðeigandi fasteignasala er þá óheimil frekari starfsemi og ber að skila til sýslumanns löggildingarskirteini sínu og er honum óheimilt að annast um þau störf sem í löggildingu felast, sbr. 24. gr. fsl.

F.h. eftirlitsnefndar fasteignasala,


Þorður Bogason hrl., formaður


Sandra Mjöll Markúsdóttir, lögfr.,
starfsmaður eftirlitsnefndar

¹ Umburðarbréfi þessu er beint bæði til fasteignasala og skipasala en til hagræðis er orðið fasteignasali notað.